

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 25. maí kl. 13:00 var haldinn 291. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir og Katrín Atladóttir í fjarveru Eyþórs Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerðir SF 285, 286, 287, 288, 289, 290 samþykktar og undirritaðar.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Lagði fram og kynnti ársfjórðungs uppgjör Orkuveitu samstæðunnar. Umræður. Uppgjörið samþykkt samhljóða. Ahættuskýrsla, dags. 11. maí 2020 lögð fram.
3. Klukkan 13:40 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri til fundarins og kynnti þema Mannauðsmála og gerði grein fyrir niðurstöðum vinnustaðagreininga.
4. Klukkan 14:35 mætti Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður, til fundarins og kynnti persónuverndarstefnu. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt. Klukkan 14:45 mætti Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri til fundarins og kynnti öryggis, -heilsu og vinnuverndarstefnu. Stefnan rýnd og samþykkt með breytingum.
5. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 20. maí s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 21. maí s.l. Umræður.
6. Klukkan 15:10 mættu Hólfríður Sigurðardóttir, Marta Rós Karlsdóttir, Hafrún Þorvaldsdóttir, Jóhannes Þorleiksson, Berglind Rán Ólafsdóttir, Gestur Pétursson til fundarins og kynntu lykilverkefni um að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum: Sporlaus vinnsla og orkuskipti.
7. Formaður lagði til að Bjarni Frímánn Karlsson verði tilnefndur af hálfu OR sem fulltrúi sæti í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborg. Samþykkt samhljóða.
8. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 22. maí 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
9. Mat á störfum stjórnar frestað. Forstjóri yfirgaf fundinn kl 16:35. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir yfirgaf fundinn kl 16:40. Stjórn mat störf forstjóra sameiginlega.
10. Önnur mál.
 - Ákveðið að halda vinnudag stjórnar f.h. 24. ágúst nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:05.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 22. júní 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Hildur Björnsdóttir
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Katrín Atladóttir,
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.